



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

fimmtudagur 28. september 2006

Ákvörðun nr. 37/2006

## **Samruni Skoðunar ehf. og Kögunar hf.**

### **I.**

#### **Málsatvik**

Með bréfi Einars Þórs Sverrissonar hdl., dags. 30. maí 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Skoðunar ehf. á öllu hlutafé Kögunar hf. Þar kom fram að Skoðun hefði keypt meirihluta í Kögun með samningi dagsettum 31. mars en hefði eignast öll hlutabréf í félaginu þann 23. maí þegar Síminn hf. gekk að yfirtökutilboði Skoðunar. Í bréfinu kom fram að samrunaaðilum þótti ekki rétt að senda inn samrunaskýrslu fyrr en Skoðun hefði eignast allt hlutafé í Kögun. Bréfinu fylgdi kaupsamningur dagsettur þann 31. mars 2006 og samrunaskýrsla ásamt ársskýrslum Kögunar og Dagsbrúnar fyrir árið 2005 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um afkomu og veltu. Í tilkynningunni kemur fram að tilgangur Skoðunar sé að fjárfesta í tækifærum sem stjórn félagsins telur arðvænleg á hverjum tíma ásamt því að reka fasteignir og stunda lánastarfsemi. Jafnframt segir í samrunatilkynningunni að Skoðun sé dótturfélag í 100% eigu Dagsbrúnar hf. Enn fremur segir í tilkynningunni að hagkvæmisrök séu fyrir því að Skoðun frekar en Dagsbrún sé kaupandi Kögunar. Um tilgang Kögunnar segir í tilkynningunni að hann sé bæði á sviði fjárfestingar og á sviði upplýsingatækni og reksturs dótturfélaga ásamt því að sinna umfangsmiklum verkefnum á sviði hugbúnaðar innanland og erlendis.

Í samrunatilkynningu aðila segir að ekki sé ráðgerður samruni í skilningi laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 eða laga um hlutafélög nr. 2/1995. Gert sé ráð fyrir því að Kögun verði dótturfélag í 100% eigu Skoðunar sem sé svo aftur í eigu Dagsbrúnar. Ekki er áætlað að gera neina breytingu á efnahags- og fjárhagsuppbyggingu félaganna að öðru leyti en því að rekstur Kögunar muni koma inn í samstæðuuppgjör Dagsbrúnar.

Það er mat samrunaaðila að starfsemi Dagsbrúnar og dótturfélaga annars vegar og Kögunar og dótturfélaga þess fyrirtækis hins vegar sé ekki að neinu leyti á sama markaði. Eina undantekningin sé sú að Og fjarskipti hafi boðið upp á hýsingarþjónusta eins og nokkur dótturfélaga Kögunar. Markaðshlutdeild Og fjarskipta á þeim markaði sé minniháttar og vel innan við 1% af markaðnum. Þá greina samrunaaðilar jafnframt frá því að innbyrðis viðskipti milli þessara félaga



séu nánast engin, fyrir utan það að Dagsbrún og dótturfélög hafi keypt vörur og þjónustu af Skýrr og Opnum kerfum og hugbúnaðarráðgjöf frá Kögun.

Með bréfi, dags. 28. júní 2006, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag. Samkeppniseftirlitið hefur aflað frekari gagna og upplýsingum frá samrunaðailum, sem og keppinautum og viðskiptavinum samrunaaðila.

## **II.**

### **Niðurstaða**

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17 gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir ákvæði 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

#### **1. Samrunafélögin**

Fram kemur í gögnum málsins að Dagsbrún er eignarhalds- og fjárfestingarfélag sem fjárfestir aðallega á sviði fjölmiðlunar, fjarskipta, afþreyingar og tengdra greina. Samkvæmt skipuriti skiptist starfsemi félagsins að meginstefnu í tvö svið; miðla- og afþreyingarsvið annars vegar og fjarskiptasvið hins vegar. Til fjarskiptasviðs heyra Og Vodafone, P/F Kall og Securitas. Miðla- og afþreyingarsviði tilheyra 365 miðlar ásamt Senu. Móðurfélagið hefur enga starfsemi með höndum en dótturfélögin, sem hvert um sig hefur sjálfstæða stjórn, hafa með höndum sjálfstæðan rekstur á ólíkum sviðum fjölmiðlunar, afþreyingar og verslunarreksturs.

Til 365 ljósvakamiðla heyra sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2, Sýn, NFS, Popptíví og Stöð 2 bíó. Einnig býður félagið upp á viðstöðulaust endurvarp fjölda erlendra sjónvarpsstöðva undir heitinu Digital Ísland. Sömuleiðis rekur félagið útvarpsstöðvarnar Bylgjuna, FM957, Létt FM, Talstöðina og X-ið 977. 365 prentmiðlar gefa meðal annars út dagblaðið Fréttablaðið, helgarblaðið DV og tímaritið Birtu. Þá heldur félagið einnig úti heimasíðunni [www.visir.is](http://www.visir.is) sem er alhliða fréttá- og upplýsingavefur.

Og Vodafone er fjarskiptafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði farsíma, fastlínu og gagnaflutninga. Einnig á Dagsbrún færeyska fjarskiptafélagið P/F Kall. Á skipuriti er Securitas talið til fjarskiptahluta Dagsbrúnar en félagið sérhæfir sig í öryggisgæslu og -þjónustu.

Sena dreifir til almennings efni frá mörgum stærstu framleiðendum heims á sviði tónlistar, kvikmynda og tölvuleikja gegnum verslanir, myndbandaleigur, kvikmyndahús, sjónvarp og fleiri efnisveitur. Sena rekur þrjú kvikmyndahús, þrjú hljóðver og er umfangsmikil í útgáfu á tónlist.



Þann 12. september sendi Dagsbrún frá sér tilkynningu til Kauphallar Íslands sem hófst á þessa leið:

*„Stjórn Dagsbrúnar hf. (ICEX:DB) samþykkti á fundi sínum 12. september 2006 að leggja til við hluthafafund að Dagsbrún verði skipt upp í tvö rekstrarfélög sem bæði verði skráð í Kauphöll Íslands. Félagin verði annars vegar fjölmiðlafélag, 365 hf. og hins vegar fjarskipta- og upplýsingatæknifélag, Teymi hf. Stofnað verði sérstakt félag utan um eignir sem ekki falla að kjarnastarfsemi félaganna tveggja, í minnihlutaeigu hvors um sig, með aðkomu þriðja aðila“*

Samkvæmt skipuriti Kögunar heyra undir félagið mörg félög sem hvert um sig starfar á vissu sviði upplýsingatækni. Þar af eru tvö félög með aðsetur erlendis. Einnig eru í eigu Opinna Kerfa tvö erlend félög.

Kögunarsamsteypan dregur nafn sitt af Kögun hf. sem skiptist í Kögun Systems og Kögun IADS á skipuriti félagsins. Starfar fyrrnefnda félagið við sérsmíði og samþættingu en hið síðarnefnda sinnir varnarkerfum.

Nokkur félög innan Kögunarsamstæðunnar selja viðskiptakerfi. Er þar um að ræða HugAx, Landsteina Streng, Hands ASA, Aston Baltic SIA, EJS og SKÝRR ásamt því sem Teymi selur Oracle gagnagrunna. Skýrr hf. og EJS sinna einnig hýsingu.

Opin kerfi selja ýmsan vélbúnað, þar með talið borðtölvur til bæði einstaklinga og fyrirtækja. Selja Opin kerfi meðal annars vélar frá Hewlett Packard. EJS starfar einnig á sviði vélbúnaðarsölu.

## **2. Skilgreining markaða**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að skilgreina þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.

Í sumrunatilkynningu vegna samruna Kögunar og Skoðunar er ekki að finna ítarlega umfjöllun um þá markaði sem máli skipta eða skilgreiningar á þeim. Þó segir þar eftirfarandi:

*„Samandregið má þó segja að starfsemi Kögunar og dótturfélaga sé á eftirafarandi [sic] mörkuðum: Viðskiptahugbúnaður, sérhæfð hugbúnaðarráðgjöf, verkefnastjórnun, kerfisleiga, viðskiptagreind,*



*menntavafir og þjónusta við hugbúnað. Starfsemi dótturfélaga er á markaðnum fyrir fjölmiðla, afþreyingu, fjarskiptaþjónustu og öryggisgæslu.”*

Að mati Samkeppniseftirlitsins starfa Kögun og Dagsbrún fyrst og fremst á eftirfarandi mörkuðum:

#### 2.1 Markaðir Kögunnar

- Markaðurinn fyrir sölu vélbúnaðar.
- Markaðurinn fyrir hýsingu.
- Markaðurinn fyrir kerfisleigu.
- Markaðurinn fyrir tölvurekstrarþjónustu.
- Markaðurinn fyrir þróun og sölu hugbúnaðar<sup>1</sup>.

Markaði fyrir sölu vélbúnaðar má skipta upp í frekari undirmarkaði, s.s. markað fyrir einkatölvur, netþjóna eða miðlara og gagnageymslur, net- og símbúnað, prentlausnir, hljóð- og myndbúnað o.fl. Þá má að mati Samkeppniseftirlitsins aðgreina markaðinn fyrir sölu vélbúnaðar í einstaklingsmarkað og fyrirtækjamarkað. Er slík skipting í samræmi við sjónarmið framkvæmdastjórnar EB.<sup>2</sup>

Tölvurekstrarþjónusta (e. *IT services*) er sá hluti upplýsingatæknimarkaðarins sem lýtur að þjónustu ýmiskonar í tengslum við upplýsingatækni. Slík rekstrarþjónusta er almennt sett saman úr mörgum mismunandi þjónustubáttum. Viðskiptavinurinn getur þannig valið það þjónustustig sem hentar best hverju sinni. Framkvæmdastjórn EB hefur í ýmsum samrunamálum fjallað um þennan hluta markaðarins, t.d. málunum *Getronics/Wang*<sup>3</sup>, *IBM Italia/Business Solutions/JV*<sup>4</sup>, *HP/Compaq*<sup>5</sup>, *IBM/PWC Consulting*<sup>6</sup>, *Hewlett – Packard/Synstar*<sup>7</sup> og *T-Systems/Gedas*.<sup>8</sup> Í þessum ákvörðunum hefur framkvæmdastjórnin m.a. komist að þeirri niðurstöðu að hægt væri að skilgreina markaðinn annað hvort sem heildarmarkað fyrir tölvurekstrarþjónustu eða skipt markaðnum niður í eftirfarandi sjö undirmarkaði; viðhald og rekstur vélbúnaðar, uppfærsla og rekstur hugbúnaðar og notendaþjónusta, ráðgjöf, þróun og innleiðing nýrra kerfa, rekstur upplýsingakerfa, rekstur viðskiptakerfa, símenntun og þjálfun.

Varðandi markað fyrir sölu og þróun hugbúnaðar þá einbeitir Kögun sér fyrst og fremst að þróun viðskiptahugbúnaðar en samkvæmt framkvæmdastjórn EB má skipta þeim markaði í stoðkerfishugbúnað (e. *infrastructure software*) og

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2006 Samruni Skýrr hf. og EJS efh.

<sup>2</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í máli nr. COMP/M.2609, HP/COMPAQ frá 31. janúar 2002.

<sup>3</sup> Mál nr. IV/M.1561 *Getronics/Wang* frá 15. júní 1999.

<sup>4</sup> Mál nr. COMP/M.2478 *IBM Italia/Business Solutions/JV* frá 29. júní 2001.

<sup>5</sup> Mál nr. COMP/M.2609 *HP/Compaq* frá 31. janúar 2002.

<sup>6</sup> Mál nr. COMP/M.2946 *IBM/PWC Consulting* frá 23. september 2002.

<sup>7</sup> Mál nr. COMP/M.3555 *Hewlett – Packard/Synstar* frá 9. september 2004.

<sup>8</sup> Mál nr. COMP/M.4108 *T-Systems/Gedas* frá 27. febrúar 2006.



verkhugbúnað (e. *application software*)<sup>9</sup>. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að skipta markaði fyrir hýsingu og kerfisleigu upp í frekari undirmarkaði.

## 2.2 Markaðir Dagsbrúnar

Samkeppniseftirlitið hefur skilgreint þá markaði sem fyrirtæki Dagsbrúnar starfa á í ákvörðunum nr. 12/2005, nr. 22/2006 og nr. 34/2006. Er um að ræða markaði á sviði fjölmiðlunar, fjarskipta, afþreyingar og öryggisþjónustu en hver þessara markaða skiptist síðan í fjölmarga undirmarkaði, þar á meðal markaðinn fyrir áskriftarsjónvarp, markað fyrir kvikmyndasýningar í kvikmyndahúsum, markað fyrir efniskaup, markaðinn fyrir heildsölu- og smásöludreifingu á afþreyingarefni<sup>10</sup>, markað fyrir talsímaþjónustu og farsímaþjónustu, og markað fyrir Internetþjónustu<sup>11</sup>.

## 3. **Áhrif samrunans á samkeppni**

Í máli þessu þarf að taka til athugunar hvort samruni Kögunar og Skoðunar hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum með því að markaðsráðandi staða myndist eða hún styrkist, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Samrunareglum er ætlað að vernda virka samkeppnislega gerð markaða og koma í veg fyrir að fyrirtæki geti komist í eða styrkt markaðsráðandi stöðu sína með samruna.

Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að Kögun sé í markaðsráðandi stöðu á neinum þeirra markaða sem fyrirtækið starfar á. Í framangreindum ákvörðunum hefur Samkeppniseftirlitið hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að Dagsbrún sé í markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir áskriftarsjónvarp, öryggisþjónustu og markaði fyrir heildsölu á tónlist, DVD-myndum og tölvuleikjum.

Samruni Kögunar og Skoðunar er ekki láréttur samruni þar sem keppinautar hætta að keppa á tilteknum markaði og renna saman. Þessi fyrirtæki hafa starfað á ólíkum mörkuðum og er lítil eða engin skörun á milli þessara fyrirtækja. Fæst því ekki séð að samruni þessi muni styrkja markaðsráðandi stöðu Dagsbrúnar. Ekki verður heldur talið að sökum markaðsráðandi stöðu Dagbrúnar geti samstæðan náð ráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem Kögun hefur starfað á. Athugun Samkeppniseftirlitsins bendir heldur ekki til þess að samlegðaráhrif þessa samruna skapi aðgangshindranir að viðkomandi mörkuðum né að samkeppnisleg staða keppninauta samrunaaðila skerðist við samrunann.

Í ljósi þessa er ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Kögunar hf. og Skoðunar ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

<sup>9</sup> Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdarstjórnar EB í mali nr. COMP/M.3216 Oracle/Peoplesoft frá 26. október 2004.

<sup>10</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 22/2006 10, Samruni Og fjarskipta hf., 365 ljósvakamiðla ehf. og 365 prentmiðla ehf.

<sup>11</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 12/2005 Samruni Dagsbrúnar hf. og Senu hf.



**Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 31. mars 2006, keypti Skoðun ehf. meirihluta hlutafjár í Kögun hf. og eignaðist síðan allt hlutafé þann 23. maí sama ár þegar Síminn hf. gekk að yfirtökutilboði Skoðunar. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson